

Afmælishópar – leiðbeiningar fyrir skóla

Best er að skólinn/kennari velji eina aðferð til þess að skipta bekknum/nemendum upp í afmælishópa, en það er mælt **gegn því** að skipta í afmælishópa út frá kyni.

Dæmi um aðferð er t.d. stafrófsröð eða að barnið sem á fyrst afmæli á árinu fer í hóp A, barnið sem á næst afmæli fer í hóp B, þriðja afmælisbarn ársins í hóp A og svo koll af kolli.

Ástæður fyrir því að við forðumst kynjaskiptingu eru nokkrar; í fyrsta lagi getur kynjaskipting jaðarsett og/eða útilokað börn sem falla ekki að „kynjanormum“, t.d. trans börn, intersex börn og börn með ódæmigerða kyntjáningu; í öðru lagi viljum við forðast staðalímyndir sem kunna að myndast þegar börnum er kynjaskipt, en með kynjaskiptingu er líklegra að hegðun, afþreying og annað verið bundið við kynjanorm (stelpuafmæli eiga það til að verða „bleik“ og taka mið af því sem er talið „stelpulegt“ og strákaafmæli eiga það til að verða „blá“ og taka mið af því sem er talið „strákalegt“). Með kynjablöndun myndast tækifæri til að brjóta þetta upp sem og bjóða börnum af öllum kynjum upp á fjölbreyttari afþreyingu í sínum afmælishópi og tækifæri til að halda afmæli út frá einstaklingsbundnu áhugasviði frekar en kyni; í þriðja lagi er kynjaskipting ekki endilega uppskrift að því að vinir lendi saman í afmælishópum, stelpur og strákar geta að sjálfsögðu verið vinir, en með kynjaskiptingu er óbeint verið að gefa þau skilaboð að stelpur og strákar séu og eigi ekki að vera vinir og eyða frítíma sínum saman.

Að því sögðu er sérstaklega mælt með því að öllum bekknum sé boðið í afmæli, hafi fólk tök á því. Með því að bjóða öllum bekknum er komið í veg fyrir að börn verði skilin út undan. Í því samhengi er bent á þann möguleika að t.d. tvö eða þrjú börn (og fjölskyldur þeirra) taki sig saman og bjóði öllum bekknum í afmæli. Þannig geta forsjáraðilar deilt verkum og kostnaði og er um leið tryggt að þeir sem hafi ekki jöfn tækifæri til að halda afmæli geti tekið þátt, t.d. út frá tungumáli, tengslaneti, vinnutíma o.s.frv.

Forsjáraðilar barna geta tekið sig saman og skipulagt hópafmæli út frá afmælisdögum barna. Þannig geta þeir sem eiga fyrstu þrjú afmælisbörn nýs skólaárs haldið afmæli saman, næstu þrjú þar á eftir halda afmæli saman og svo koll af kolli. Þetta er skipulag sem þarf eflaust að fá samþykki allra forsjáraðila, en gott er að koma slíku skipulagi á strax í upphafi nýs skólaárs.

Að baki þeirra ástæðna sem taldar eru upp fyrir þessari skiptingu í afmælishópa (og því að kynjaskipta ekki) eru aðalnámskrá, mannréttindastefna Reykjavíkurborgar og Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, en í þeim eru gerðar kröfur til skóla um að vinna gegn staðalímyndum kynjanna og mismunun, m.a. út frá kyni og hinseginleika, um að veita öllum jafnréttismenntun og fagna fjölbreytileikanum.